

3. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í IX. kafla laga nr. 6/1986 um afrétta-
málefni, fjallskil o.fl. og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og
öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 251/1992, um tollfrjálsan farangur ferðamanna
og farmanna við komu frá útlöndum, áfengisgjald, tóbaksgjald o.fl.,
með áorðnum breytingum.**

1. gr.

Í stað orðanna „16 ár“ í 2. mgr. 3. gr. kemur: 18 ár.

2. gr.

Í stað orðanna „er viðkomandi þó heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni
sem þar greinir“ í 1. mgr. 7. gr. kemur: er viðkomandi þó heimilt að flytja inn það magn sem
umfram er.

3. gr.

3. mgr. 7. gr. fellur brott.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 5. gr. og 20. tl. 1. mgr. 6. gr.
tollalaga nr. 55 30. mars 1987, með áorðnum breytingum, og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 63 28.
maí 1969, með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 22. júlí 1996.

F. h. r.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Bergþór Magnússon.